

Anna Sigríður Halldórsdóttir

13. júlí 1978



Stefnumál fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn

Ég býð mig fram til áframhaldandi setu í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Ég tel mig verðuga til þessa verkefnis og langar að halda áfram að gæta hagsmuna sjóðfélaga þannig að ávöxtun sparnaðar þeirra til langs tíma muni standa undir lífeyrisskuldbindingum og tryggi þeim lífeyri þegar að útgreiðslu kemur.

Ég hef mikla þekkingu og áhuga á lífeyrismálum og hef áhuga á að vinna áfram að eflingu sjóðsins með fjárfestingarstefnu sem gefur sjóðfélögum val um misáhættumiklar fjárfestingarleiðir fyrir séreignarsparnað. Ég tel jafnframt brýnt að standa vörð um sjóðfélagalýðræði þeirra sem velja að vera í Frjálsa lífeyrissjóðnum.

Ég tel það kost að samsetning stjórnar sé fjölbreytt og að baki sé breið þekking og reynsla, en ekki síst er mikilvægt að stjórn sameinist í því að vinna að heildarhagsmunum sjóðfélaga.

Ég hef verið stjórnarmaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum frá árinu 2013 og verið í endurskoðunarnefnd frá árinu 2014 ásamt því að gegna ýmsum trúnaðarstörfum fyrir sjóðinn. Ég hef frá upphafi verið kosin af sjóðfélögum. Ég hef og mun ætíð starfa með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi auk þess að leggja mig fram um að að stuðla að enn betri sjóði og auka þar með hag sjóðfélaga. Starf mitt í stjórn hingað til hefur verið reynslumikil og gefandi vegferð, oft á tíðum reynt á en ávallt hef ég í lok dags getað gengið sátt frá borði með mín verk.

Starfsreynsla

Ég starfa á Hagstofu Íslands sem sérfræðingur í launa- og tekjutölfræði og hef gert í tæp 13 ár. Starf mitt kallar á að ég fylgjast náið með íslenskum vinnumarkaði og hefur það veitt mér yfirgripsmikla þekkingu á kjarasamningum og lífeyrisréttindum landsmanna.

Menntun

Ég útskrifaðist sem hagfræðingur frá Háskóla Íslands árið 2008 og með meistaraþáttu í verkefnastjórnun (MPM) frá Háskólanum í Reykjavík árið 2014.